

Greinargerð

Göngusvæðið Víknaslóðir frá Borgarfirði eystri til Seyðisfjarðar er auðlind sem ber að nýta á sjálfbæran hátt. Við hjá Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs verðum mjög vör við að fleiri og fleiri ferðaskrifstofur líti til Víknaslóða sem vannýttan möguleika til að markaðssetja. Ástand gönguleiða og náttúruperlna víða á landinu er orðið slæmt og ferðamenn kvarta yfir sóðaskap og mannmergð. Þetta er ekki ennþá orðið að vandamáli hjá okkur en ef ekkert er gert gæti þetta beðið Víknaslóða fyrr en okkur grunar, þess vegna setjum við fram hugmyndir okkar til að sporna við þróun í þá átt. Einnig ber að hafa í huga að salernisaðstaða við skálana okkar ber ekki með góðu móti fleiri en fimmtíu manns að morgni nema með löngum biðröðum sem mun óneitanlega hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta okkar. Með auðlindargjaldinu sem við ætlum að innheimta og með greiðslum frá öðrum vonumst við til að hægt verði að ráða landvörð yfir sumartímann sem sinnir eftirliti og viðhaldi á gönguleiðum innan sveitafélagsins. Eitt af því sem þarf að vinna að er að banna gistingu utan viðkenndra gististaða.